

EÐLISEFNAFRÆÐI III

Kennsluáætlun

10. janúar 2008

Námsefnið: Efni námskeiðsins snýr að efnajafnvægjum og efnabreytingum. Í fyrsta hluta námskeiðsins verður fjallað um efnajafnvægi, fasajafnvægi og jónajafnvægi, í öðrum hluta verður rætt um gashreyfifræði og hraðafærðir efnahvarfa en þriðji og síðasti hluti námskeiðsins fjallar um hreyfifræði sameinda í vökvafasa og á yfirborðum.

Lesefni: Kennslubókin er *Physical Chemistry* eftir K.J. Laidler, J.H. Meiser og B.C. Sanctuary, 4.útgáfa. Lesnir verða kaflar 4, 6(að hluta), 7, 8(að hluta), 1.9 og 1.11 (úr kafla 1), 9, 10 og svo viðbótarefni um hraðafasta og sveim. Auk kennslubókarinnar verður stuðst við fjölrít og e.t.v. aðrar bækur, helst *Physical Chemistry* eftir D.A. McQuarrie og J.D. Simon og *Physical Chemistry* eftir P.W. Atkins.

Fyrirlestrar og dæmatímar: Fyrirlestrar verða tvisvar í viku, á þriðjudögum, kl 9:10-10:40 í verklegu eðlisefnafræðistofunni í VR-I og á fimmtudögum kl. 10:50-12:20 í stofu V-138 í VR-II. Dæmatímar eru svo aðra hverja viku á miðvikudögum kl. 10:00-11:30 í verklegu eðlisefnafræðistofunni í VR-I. Fyrsti dæmatíminn verður miðvikudaginn 9. janúar.

Verkefni: Skiladæmi verða að jafnaði lögð fyrir annan hvern fimmtudag (daginn eftir dæmatíma) og skal þeim skilað fyrir hádegi á mánudegi 11 dögum síðar. Sum skiladæmin munu krefjast notkunar tölva í tölvuveri efnafræðinema í Letigarði. Tímadaemi verða lögð fyrir dæmatímana og þurfa stúdentar að standa skil á þeim á töflu.

Skrifleg æfing (miðannarpróf): Skrifleg æfing verður haldin fimmtudaginn 28.febrúar í stað fyrirlesturs og vegur einkunn úr henni 20% á móti einkuninni úr lokaprófinu.

Próftökuréttur: Rétt til að gangast undir lokapróf hafa þeir sem staðið hafa skil á 75% skiladæmanna sem lögð verða fyrir í námskeiðinu.

Kennari: Kennarar í námskeiðinu eru Sigríður Guðmundsdóttir (sig15@hi.is), Finnbogi Óskarsson (finnboo@hi.is) og Hannes Jónsson (hj@hi.is). Viðtalstímar kennara verða eftir samkomulagi.

Heimasíða: Heimasíða námskeiðsins er á vefslóðinni:

<http://www.hi.is/~hj/EE3/>

en ekki verður notast við vefkerfið Uglu.